

LÖG**um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1990, nr. 116/1989.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 1. gr. laganna:

a. Í stað "6.625.000" í 2. másl. 1. mgr. komi: 12.650.000.

b. Við bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Alþjóðaflugþjónustunni allt að 180.000 þús. kr. af þeirri fjárhæð, sem um getur í 1. másl. 2. mgr. þessarar greinar, og Lánasjóði íslenskra námsmanna allt að 450.000 þús. kr. umfram það sem kveðið er á um í fjárlögum fyrir árið 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.***LÖG****um hlut Íslands í stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða og ábyrgjast fjárhæðir þær er leiðir af stofnfjárskuldbindingum Íslands í Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jón Sigurðsson.